

Nd.

467. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um breyting í lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en á það getur minni hlutinn ekki fallizt. Að vísu mun enginn draga í efa, að þörf sé aðgerða vegna lausaskulda þeirra, er landbúnað reka, og eru allir nefndarmenn sammála um nauðsyn þess, að frumvarpið nái fram að ganga. En við, sem undirritum þetta minnihlutaálit, lítum svo á, að frv. gangi allt of skammt, til þess að viðunandi geti talizt. Sama skoðun kemur fram í álitum Búnaðarfélags Íslands og álitum Harðærisnefndar, sem prentuð voru sem fskj. með álitum minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar, einnig í álitum Stéttarsambands bænda, sem sent var sömu þingnefnd, en barst of seint, til þess að það yrði birt með álitum hennar. Verður það prentað hér á eftir sem fskj.

Breytingar þær, sem við leggjum til að gerðar verði á frv., eru í aðalatriðum þessar:

1. að löggin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda;
2. að lánstími verði allt að 30 ár og vextir verði ekki hærrí en 6½%;

3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði;
6. að þeim bændum, sem verst eru settir fjárhagslega, verði veitt sérstök fyrirgreiðsla með lánnum til lengri tíma en almennt gildir, lægri vöxtum, skuldaskilum og greiðslufresti á eldri lánnum.

Í skýrslu Harðærisnefndar segir, að:

395 bændur hafa 40—60% fasteignar veðbundin
 85 bændur hafa 60—75% fasteignar veðbundin
 102 bændur hafa yfir 75% fasteignar veðbundin

Á þessu stutta yfirliti sést það bezt, að þeir tæpl. 600 bændur, sem eiga þarna hlut að máli, hafa þegar veðsett fasteignir sínar og þeir skulda líka hver og einn margfaldar nettóárstekjur sínar, og hljóta þeir því að eiga í miklum greiðsluferðleikum. Má raunar ætla, að þeir 1062 bændur, sem samkv. skýrslu harðærisnefndar skulda meira en brúttóárstekjur sínar, séu yfirlétt í nokkrum vanda staddir.

Þess ber að geta, að skýrsla Harðærisnefndar nær til ársloka 1967, en skuldasöfnun árið 1968 á eftir að koma inn í dæmið. Það er vitað mál, að bændur hafa safnað miklum skuldum s. l. ár. Veldur þar miklu erfitt árferði og ört vaxandi dýrtíð.

Orsakir skuldasöfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánnum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steiptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða 6% til íbúðarhúsálána, en voru áður 3½%, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt miðað við tilkostnað og er komið úr sambengi við annað verðlag í landinu.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyrforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Minni hlutanum virðist augljóst, að með 1. gr. frv. sé þeirri aðstoð, sem fyrirhuguð er, allt of þröngur stakkur skorinn.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með allmiklum breytingum, sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.
 frsm.

Fylgiskjal.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 31. marz 1969.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 29. marz s. l. var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Lagt fram og lesið bréf frá landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, dagsett 19. marz 1969, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Stjórn Stéttarsambandsins mælir með samþykkt frumvarpsins, en tekur fram, að hún telur, að veita þurfi lánin bæði vegna skulda, sem myndast hafa við fjárfestingar, þar með talin vélakaup, og vegna harðæris og mikilla fóðurkaupa af þeim sökum. Þá telur hún nauðsynlegt að tryggja sölu skuldabréfanna og leggur áherzlu á, að lánsstofnunum og samvinnufélögum verði heimilað að greiða sparifjórðinguna í Seðlabankanum með þessum skuldabréfum.

Enn fremur telur stjórnin nauðsynlegt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir vegna þeirra bænda, sem ekki hafa fasteignaveð eða skulda svo mikið, að þeir hafa ekki fullnægjandi fasteignaveð fyrir lánunum. Gefinn verði út sérstakur flokkur skuldabréfa vegna þessara manna. Þá er nauðsynlegt, að vextir verði ekki hærri en í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Æskilegt er, að setning reglugerðar um framkvæmd laganna verði gerð í samráði við stjórn Stéttarsambandsins“.

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Virðingarfyllt,

f. h. stjórnar Stéttarsamb. bænda,

Sæm. Friðriksson. Árni Jónsson.

Til landbúnaðarn. Ed. Alþingis,
Reykjavík.